

193. fundur stjórnar LSS haldinn fimmtudaginn 10.11 2009 kl. 13:30
á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB,FH,IGG,BKr,BI,SvB,GM,AH.

Boðuð forföll: SB, BV.

1. Fundargerð síðasta fundar.
Sþ

2. Inntaka nýrra félaga.
Enginn

3. Kjaramál.

Fjórir fundir hafa verið haldnir hjá Ríkissáttasemjara, en lítið þokast áfram. LN hefur þó viðurkennt að útreikningar okkar og athugasemdir við samningstilboðið frá þóví í sumar sé rétt. Á mánudaginn var lögð fram málamyndun um að deilan yrði tekin frá sáttu og Samstarfsnefndin sett í gang. LN telur að ekki sé hægt að vinna í deilumálum hjá Samstarfsnefnd meðan kjaradeilan væri hjá sáttu.

Fyrsti fundur í nefndinni var í morgun. Þar lagði LSS fram lista yfir úrlausnarmál (sjá meðfylgj fundargerð). Jafnframt voru ákveðnir fundir fram í tímann.

Varðandi samningaviðræður við Kef ohf þá er beðið eftir tillögum frá SA og Kef ohf. Samningur fyrir sjúkraflutningamenn kemur í kjölfar á samnigi við LN.

Umræður um þrekpróf og samræmingu.

4. Skipun í skólaráð Brunamálaskólans.

Bréf um skipun í skólaráð.

Ráðherra skipaði formann Kristínu Jónsdóttur sem formann. Ákveðið að skipa SBB og Stein Jónasson fyrir hönd LSS.

5. Fulltrúaráðsfundur.

Dagskrá; Kjaramál, ársþing, uppstillinganefnd, slökkviliðsmenn á flugvöllum, orlofsmál, sjúkralfutningar og fl.

Á Fulltrúaráðsfundinum þarf að gera ti um Uppstillinganefnd vegna ársþings í apríl 2010. Í nefndinni eru; Rúnar Helgason, Ólafur Ingi Jónsson og Jón Emil Árnason. og til vara; Sigurður Þór Ástráðsson, Rúnar Eyberg og Hólmgeir Þorsteinsson.

Sigurður Þór er hættur í slökkviliðinu og fellur því út. Stungið er upp á Jóni Sólmundarsyni og verður það lagt fyrir Fulltrúaráðsfundinn.

6. Sjúkraflutningar.

Alþingi er að setja lög um heilbrigðisstarfsmenn sem er jákvætt. Ýmislegt þar sem getur þýtt betra starfsumhverfi fyrir Sjúkraflutningamenn.

Fagráð hefur ekki verið kallað saman. SHS er í samningaviðræðum vegnagreiðslu frá ríkinu. Umræður um muninn á milli hlutastarfandi og atvinnumanna.

Sjúkraflutningaskólinn. Fundur næsta fimmtudag. Fundarefni er breyting á námi og breytingar á verklagsreglum sjúkraflutningaráðs. Farið yfir tillögur að breytingum.

Umræður um stöðu sjúkraflutningamanna og LSS innan sjúkraflutningaskólans.

7. Málefni Flugstoða.

Sögðu upp samningum við SHS um Reykjavíkflugvöll frá 01.03.10. Ætla að auglýsa eftir starfsmönnum –Flugvallarverðir. Farið yfir starfssvið í augl. Starfshópur er að vinna í þessu máli. Skoða hvað breytingar Flugstoða þýða. Efasemdir um að

Flugstoðir geti leyst málið með ráðningu Flugvallarvarða. Þurfa löggilda slökkviliðsmenn. Rætt um lög um brunamál og hvaða lög gildi á flugvöllum.

8. Eldvarnaátak.

20. – 28. nóv. Bryddað verður upp á sögu um Loga og Glóð og farið í skjáauglýsingar. Fjármögnun miðast við að sleppa á sléttu.

9. Málefni ROM.

Farið yfir hugmyndir frá arkitektum um meögulegar stækkanir á bústöðum í Munaðarnesi. Mönnum líst ágætlega á stakkanirnar en ekki vilji til að fara í þær á LSS bústöðunum að sinni.

10. Uppsagnir í slökkviliðum.

Farið yfir stöðuna. Uppsagnir hjá B-AH, SA, SP.

BI fór yfir sína sögu. Öllum hjá Alökkviliði Þorlákshafnar var sagt upp 28. sept og áttu að fá endurráðningu. Í ljós hefur komið að BI er einum ekki boðin endurráðning. Ákveðið að stjórn veiti heimild til að skoða möguleika á kæru vegna eineltis.

11. Þing BSRB.

Á þinginu var kosin nýr formaður; Elín Björg Jónsdóttir. LSS kom í veg fyrir hækkanir á félagsgjöldum. Fagstéttarfélögin hyggjast sameina krafta sína innan BSRB.

12. Önnur mál:

a) Hvammstangi

23. nóv verður fundur með Byggðaráði Hvammstanga til að gera kjarasamning.

b) Trúnaðarmanna námskeið

LSS sendir 5 trúnaðarmenn á þriggja daga námskeið hjá BSRB. Frá SA, Kef ohf, SF og HSu.

c) Breyting á fundartíma stjórnar í desember 2009

Næsti fundur verður 9. desember.

d) Íslandsmót í íþróttum verður 23. janúar 2010.

e) Nefnd um fagdeild slökkviliðsmanna,

Nefndin hefur komið saman. Mun byggja á sama grunni og fagdeild sjúkrafutningamanna. Velt fyrir sér markmiðum.

f) **Dæling á bifreiðar.** Umræður um hvort sé leyfilegt að sjúkrafutningamenn dæli eldsneyti á bifreiðar.

Fundi slitið

15:53